

Efnisyfirlit

LANDSSAMTÖKIN GEDHJÁLP 2016.....	2
Ráðgjöf.....	3
Hagsmunagæsla	4
Þekkingaruppbygging	5
Innra starf	6
FJÁRHAGUR	7
FRAMTÍÐIN	8

LANDSSAMTÖKIN GEÐHJÁLP 2016

Landssamtökin Geðhjálpar eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Markmið samtakanna er að stuðla að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu og vinna að bættum hag fólks með geðrænan vanda, barna og fullorðinna, og aðstandenda þeirra.

Stofnfundur Geðhjálpar var haldinn þann 9. október árið 1979. Samtökin eiga því 38 ára starfsafmæli á árinu. Um starfsemina fer samkvæmt lögum Geðhjálpar, t.a.m. um árlegan aðalfund, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra. Félagar í Geðhjálpar eru 2.163 talsins, 573 hefðbundir félagar og 1.590 styrktarfélagar með full félagaréttindi.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn samkvæmt hefðbundinni aðalfundardagskrá þann 19. mars 2016. Eftirfarandi átta fulltrúar auk formanns skipuðu aðalstjórn félagsins eftir fundinn. Þrír fulltrúar voru kosnir í varastjórn til eins árs.

Stjórn Geðhjálpar

Hrannar Jónsson, formaður
Sveinn Rúnar Hauksson, varaformaður
Maggý Hrönn Hermannsdóttir, ritari
Þórður Ingþórsson, gjaldkeri
Bergþór Böðvarsson
Halldóra Pálsdóttir
Sylviane Pétursson-Lecoultré
Ágúst Beaumont
Sigprúður Þorfinnsdóttir


Varastjórn

Kolbrún Karlsdóttir
Rakel Róbertsdóttir
Védís Drafnardóttir

Geðhjálp rak öfluga starfsemi á fjórum meginsviðum á árinu. Sviðin eru **ráðgjöf**, **hagsmunagæsla**, **þekkingaruppbygging** og síðast en ekki síst **innra starf**. Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir starfseminni innan hvers meginsviðs.

Ráðgjöf

Ráðgjafi Geðhjálpár sinnti ríflega 660 erindum árinu. Fjöldi erinda sveiflaðist nokkuð milli mánaða. Flest voru erindin á vormánuðum. Erindum fækkaði vegna sumarleyfa yfir hásumarið og fjölgaði aftur með haustinu. Aftur fækkaði erindum vegna jóralokunar í desember.



Að baki erindanna 660 voru 183 notendur, 113 aðstandendur og 21 aðstandandi og notandi. Alls komu fjögur erindi frá fagaðilum eins og kennurum og stjórnendum í fyrirtækjum og stofnunum. Flestum erindanna var svarað í viðtölum eða tæplega 500. Næst flestum eða 100 var svarað í gegnum síma. Fimmtíu erindum var svarað í gegnum tölvupóst og 12 með öðrum hætti.

Kynjahlutfall ráðþega hélst óbreytt á milli ára. Konur voru 369 (62%) og karlar 217 (38%) talsins á árinu eins og árið á undan. Yngsti ráðþeginn var 12 ára og sá elsti 80 ára. Meðalaldur í hópnum voru 40 ár. Hver ráðþegi kom að meðaltali í tvö viðtöl. Algengustu vandamálin voru þunglyndi og sambland þunglyndis og kvíða. Aðstandendur voru oftast foreldrar í leit að aðstoð vegna barna sinna.

Af hópnum voru 77,4% búsettir í Reykjavík. Jafn hátt hlutfall eða 10,5% voru búsettir á landsbyggðinni eða í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Rétt er að taka fram að starfsmannaskipti urðu í ráðgjöfinni í byrjun október 2016.

Ráðgjöf á vegum Geðhjálpár er frí og stendur öllum almenningi til boða á almennum skrifstofutíma. Viðtöl eru tekin í húsakynnum Geðhjálpár við Borgartún 30.

Hagsmunagæsla

Um 14% erinda til ráðgjafa sneru að hagsmunagæslu á árinu 2016. Afgreiðsla erindanna fólst í því að veita einstaklingum aðstoð við að leita réttar síns gagnvart opinberum aðilum, einka- og félagageiranum. Hagsmunagæsla gagnvart einstaklingum felur í sér persónulega nálgun og því eru erindin talsvert ólík í eðli sínu og oftast tímafreakari í vinnslu heldur en almenn ráðgjöf.

Almenn hagsmunagæsla fólst, m.a. í þátttöku í stefnumótun á vegum hins opinbera, umsögnum um lagafrumvörp, heimsóknnum og þátttöku í opinberri umræðu. Geðhjálp tók m.a. áfram þátt í störfum velferðarvaktarinnar innan velferðarráðuneytisins, átti tvo fulltrúa í rýnihópi Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um þjónustu við fólk með geðfötlun og veitti sveitarfélaginu álitsgjöf þegar eftir því var leitað. Farið var í heimsóknir á endurhæfingargeðdeildina Laugarás, Hringsjá og Klepp svo dæmi séu nefnd.

Geðhjálp sendi velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp um sjúkratryggingar vorið 2016. Þar var athygli nefndarinnar vakin á því að frumvarpið fæli í sér umtalsverða hækkun á kostnaði við geðlæknaþjónustu. Umsögnin bar ekki tilætlaðan árangur því frumvarpið varð að lögum nokkrum mánuðum síðar. Hins vegar leiddi hagsmunarbarátta Geðhjálp, ÖBÍ og fleiri hagsmunasamtaka til þess að þingsályktun um fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna var samþykkt í lok ársins.

Stjórn Geðhjálp sendi frá sér þrjár áskoranir á árinu. Í framhaldi af skýrslu Ríkisendurskoðunar skoraði stjórnin á stjórnvöld að stytta biðlista og skilgreina betur annars og þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu við börn á vormánuðum. Með sama hætti var skorað á stjórnvöld að hleypa af stokkunum vinnu við endurskoðun gildandi lögræðislaga til samræmis við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Síðast en ekki síst var skorað á velferðarráð Reykjavíkurborgar að gera umbætur í búsetumálum fólks með geðfötlun, einkum fólks með samþættan geð- og vímuefnavanda.

Fyrir hönd stjórnar Geðhjálp fylgdi framkvæmdastjóri eftir skýrslu velferðarráðuneytisins um öryggisvistun alvarlegra geðsjúkra á haustmánuðum. Með sama hætti sótti hann fund Nils Muznieks, fulltrúa Mannréttindaráðs Evrópu, ásamt fulltrúum Mannréttindaskrifstofu Íslands og ÖBÍ. Á fundinum var lögð áhersla á nauðsyn þess að aðlaga gildandi lögræðislög Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ekki má gleyma því að einhverfuteymi Landspítalans var veittur stuðningur við baráttu sína um uppbyggingu búsetuúrræðis fyrir alvarlega einhverfa með geðröskun.

Geðhjálp nýtti sér tækifæri sitt til koma á framfæri viðbótum við drög að framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til næstu fjögurra ára. Ánægju vakti að tillaga samtakanna um stofnun skjólshús var færð inn í lokaútgáfu áætlunarinnar. Með sama hætti fögnuðu samtökin því að barátta þeirra fyrir því að færa sjálfræðiþjónustu inn í tryggingarkerfið skilað sér í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar og verður því fyrirheiti fylgt eftir á árinu.

Síðast en ekki síst tóku fulltrúar Geðhjálp þátt í opinberri umræðu um ýmis málefni á geðheilbrigðissviðinu á árinu, m.a. aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir almenning með áherslu á

börn, geðheilsu ungmenna með sérstakri áherslu á sjálfsskaða, ofgreiningar og ofneyslu lyfja svo dæmi séu nefnd.

Þekkingaruppbygging

Ríkur þáttur í starfsemi Geðhjálpar felst í þekkingaruppbyggingu, þ.e. miðlun þekkingar til notenda, aðstandenda, fagfólks og alls almennings. Á því sviði bar hæst Útmeð'a forvarnarverkefni Geðhjálpar í samstarfi við Hjálparsíma Rauða krossins og baráttu samtakanna fyrir stofnun bataskóla í Reykjavík.

Hápunktur Útmeð'a verkefnisins fólst í frumsýningu stuttmyndar og vefs forvarnarverkefnisins í tengslum við Alþjóðlegan forvarnardag sjálfsvíga þann 10. september. Í stuttmyndinni er sjónum fólks sérstaklega beint að sjálfsskaða meðal stúlkna. Á vefnum www.utmeda.is er hægt að nálgast aðgengilegar upplýsingar um sjálfsskaða/sjálfsvígshugsanir frá sjónarhóli fólks með vanlíðan og nákominna ásamt því að fjallað er almennt um vandann. Átakið vakti talsverða athygli í fjölmiðlum og meðal ungs fólks. Myndband Útmeð'a um sjálfsskaða hefur hlotið tilnefningu til Íslensku auglýsingaverðlaunanna í flokki rafrænna auglýsinga fyrir árið 2016. Verkefninu verður haldið áfram með fræðslu til framhaldsskólakennara á landsbyggðinni á fyrrihluta ársins 2017.



Í Útmeð'a verkefni Geðhjálpar og Hjálparsímans var lögð áhersla á sjálfsskaða ungs fólks með áherslu á ungar konur

Geðhjálp heldur utan um reglulega fundi samráðsvettvangs fulltrúa frjálsra félagasamtaka og athvarfa á höfuðborgarsvæðinu. Samráðsvettvangurinn stóð fyrir kynnisferð í tvo bataskóla (Recovery College) í London og Nottingham um mánaðamótin mars og apríl. Þátttakendur í ferðinni voru fulltrúar frjálsra félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga um landið allt. Eftir ferðina voru ferðalangarnir sammála um að fullt tilefni væri til að stofna bataskóla á Íslandi. Geðhjálp náði samstarfi við Reykjavíkurborg um stofnun skólans og hefur sveitarfélagið heitið því að verja 15 mkr. árlega í þrjú ár til rekstar skólans. Virk veitti Geðhjálp 4,2 mkr. styrk til að kosta ferð 15 manna hóps í *work shop* til Nottingham í febrúar árið 2017. Stefnt er að því að hefja formlegt skólastarf í skólanum haustið 2017.



24 fulltrúar frá Geðhjálp, öðrum félagasamtökunum, stofnunum og sveitarfélögum kynntu sér starfsemi bataskóla í Bretlandi.

Geðhjálp gekkst fyrir þremur stórum málþingum á árinu. Fyrst ber að nefna málþing undir yfirskriftinni *Hefur okkur borið af leið?* um ofgreiningar- og ofneyslu lyfja. Málþingið var haldið í samvinnu við félög félagsráðgjafa, geðlækna, geðjúkrunarfræðinga, iðjupálfa og sálfræðinga þann 15. júní. Heiðursgestur á þinginu var bandaríski geðlæknirinn, fyrirlesarinn og

rithöfundurinn Allen Frances. Í samvinnu við *Drekaslóð* var haldið málþing undir yfirskriftinni *Leyst úr Læðingi* um afleiðingar erfiðra uppeldisaðstæðna og áfalla á geðheilsu fólks þann 1. mars. Síðast en ekki síst hélt Geðhjálp málþing um bataskóla undir yfirskriftinni *Hver er galdurinn?* í samvinnu við Reykjavíkurborg þann 11. október. Tveir erlendir fyrirlesarar, Helen Brown, skólastjóri bataskólans í Nottingham, og Angela Mulholland, jafningjafræðari við skólann, héldu erindi á málþinginu. Öll málþingin voru haldin á Grand Hótel Reykjavík og voru afar vel sótt.

Samtökin stóðu að nokkrum minni viðburðum á árinu. Þar má nefna umræðufund undir yfirskriftinni *Eru tískubylgjur í mannréttindum?* í samvinnu við Þroskahjálp þann 3. september. Fundurinn var hluti af dagskrá Fundar fólksins í Norræna húsinu dagana 2.-3. september. Í kjölfarið tók Geðhjálp þátt í dagskrá í tilefni af Forvarnardegi sjálfsvígsforvarna undir yfirskriftinni *Öll sem eitt* í húsakynnum Geðhjálpar þann 9. september. Þar var bæði frumsýnd áður nefnd stuttmynd og opnaður vefur www.utmeda.is í tengslum við forvarnarverkefnið Útmeð'a gagnvart ungu fólki. Hvort tveggja hlaut heilmikla athygli á árinu. Forvarnarmyndböndum á vegum verkefnisins um sjálfsskaða og sjálfsvíg hefur verið dreift 23.000 sinnum á facebook svo dæmi séu nefnd. Þá styrkti Geðhjálp fyrirlestrarhald ungverskanadíska geðlæknisins Gabor Maté í Hörpu þann 12. júní.

Geðhjálp hélt utan um fræðslufund samráðsvettvangs frjálsra félagasamtaka og athvarfa á geðheilbrigðissviðinu um geðheilbrigðisstefnu þann 13. nóvember. Sama á við um Pálínuboð og frumsýningu kynningarmyndbanda um starfsemi frjálsra félagasamtaka og athvarfa þann 12. maí. Ótaldir eru fjölmargir fræðslufundir í húsakynnum Geðhjálpar, skólum og öðrum stofnunum um geðraskanir, réttindamál fólks með geðraskanir og geðfötun, starfsemi Geðhjálpar og forvarnir svo fátt eitt sé talið.

Innra starf

Geðhjálp leggur ríka áherslu á að halda góðum tengslum við félagi í samtökunum og almenning. Gestir eru ætíð velkomnir, boðið er upp á kaffi og spjall. Ráðgjafi veitir ekki aðeins ráðgjöf í gegnum viðtöl í húsakynnum samtakanna heldur einnig í gegnum síma, tölvupóst, facebooksíðu og skype- samtöl. Framkvæmdastjóri sendir samskiptapóst til allra félagi með rafrænum hætti annan hvern mánuð. Þar er gerð grein fyrir starfsemi samtakanna, hvað áunnist hefur í helstu baráttumálum og viðburðum framundan.



Geðhjálparblaðið er gefið út á hverju ári í tengslum við afmæli samtakanna og Alþjóða geðheilbrigðisdaginn 10. október. Blaðinu hefur verið dreift með Fréttablaðinu síðustu ár. Áhersla var lögð á baráttuna gegn sjálfsskaða og einkunnarorð Alþjóða geðheilbrigðisdagsins *Virðing er fyrsta hjálpin* að þessu sinni.

Aðalfundur Geðhjálpar er jafnan haldin uppúr miðjum marsmánuði ár hver.

Geðhjálp stendur fyrir viðburðum í húsakynnum sínum á mánaðar fresti að jafnaði.

Eftirtaldir viðburðir voru haldnir í húsakynnum Geðhjálpar á árinu:

Viðburðir:

- *Opið hús* 24. desember
- *Bjargráðaboxið* 22. nóvember
- *Lifað með kvíða og félagsfælni* 28. september.
- *Fjármálalæsi á mannamáli* 23. ágúst
- *Upp, upp, upp á fjallsins brún* 26. maí
- *Græðandi raddir (kvikmynd)* 29. apríl
- *Að ráða við raddirnar* 14. apríl
- *Samningur Sameinuðu þjóðanna* 15. mars
- *Batakvöld* 18. febrúar
- *Bingó* 26. janúar
- *Ný lögræðislög* 3. nóvember

Síðast en ekki síst hýsti Geðhjálpar starfsemi fjögurra, sjálfstæðra sjálfshjálparhópa utan skrifstofutíma í húsakynnum sínum við Borgartún 30 á árinu, þ.e. geðhvarfahóps, kvíðahóps, tilveruhóps og sjálfshjálparhóps fyrir innflytjendur á árinu 2016.

FJÁRHAGUR

Rekstrartekjur Geðhjálpar voru 74.014.330 kr. á árinu. Framlög frá ríki og Reykjavíkurborg námu samtals 21.500.000 kr. Aðrar tekjur voru 52.514.330 kr. eða 18.368.175 kr. hærrí en árið á undan. Þar bar hæst 20.432.171 kr. framlag styrktarfélaganna í gegnum styrktarsöfnun Miðlunar og 11.703.901 kr. söfnunarfé vegna forvarnarverkefnisins Útmeð'a. Hagnaður starfseminnar var samtals 8.039.000 á árinu 2016.

Því verður ekki á móti mælt að bjart er yfir fjárhag samtakanna samkvæmt ársreikningi. Hækkandi framlag styrktarfélaganna veitir því fjárhagslegt öryggi til framtíðar og bolmagn til frekari athafna. Með hliðsjón af því hefur stjórn samtakanna veitt samþykki sitt fyrir fjölgun starfsmanna um hálf stöðugildi. Nú starfa fjórir starfsmenn hjá félaginu, framkvæmdastjóri og ráðgjafi í fullu starfi hvor um sig, verkefnisstjóri í 70% starfi og ræstingarstjóri í 20% starfi. Tveir hinir síðarnefndu starfa hjá samtökunum í gegnum atvinnuátakið Atvinna með stuðningi í gegnum Vinnumálastofnun.

FRAMTÍÐIN

Starfsemi Geðhjálpar hefur ekki aðeins farið ört vaxandi heldur hefur félögum í samtökunum fjölgað talsvert á allra síðustu árum. Félögum fjölgaði úr 440 í 1.337 í framhaldi af því að samið var við Miðlun um að ýta úr vör styrktarfélagasöfnun árið 2014. Félagar voru orðnir 1.700 árið eftir og 2.163 árið 2016. Af þeim voru 573 hefðbundir félagar og 1.590 styrktarfélagar. Stefnt er að því að félagar verði orðnir 3.000 talsins undir lok ársins 2017.

Óhætt er að segja að dýrmætir áfangasigrar hafi náðst á sviði geðheilbrigðisþjónustu á árinu. Geðhjálpar hefur lengi barist fyrir fjölgun sálfræðinga innan heilsugæslunnar og flutningi þjónustu sálfræðinga undir tryggingakerfið. Nú liggur fyrir loforð ríkisstjórnarinnar um að unnið verði að hvoru tveggja í áföngum á næstu fjórum árum. Með sama hætti er vert að vekja athygli á því að í framhaldi af ábendingu Geðhjálpar verður unnið að uppbyggingu svokallaðs skjólshúss innan framkvæmdaáætlunar um málefni fatlaðs fólks næstu fjögur árin.

Baráttunni er þó langt því frá lokið. Ein stærsta áskorun Geðhjálpar felst í því að tryggja farsælt upphaf Bataskóla á Íslandi í samvinnu við Reykjavíkurborg á næstu þremur árum. Bataskólar hafa sannað tilverurétt sinn með óumdeilanlegum hætti í Bretlandi, hátt í fjörutíu öðrum Evrópulöndum og í Japan á allra síðustu árum. Nú er sá draumur Geðhjálpar að stofna slíkan skóla á Íslandi loks í sjónmáli og er stefnt að því að tekið verði á móti fyrstu nemendunum í skólann á haustmánuðum 2017. Með því er fólki með geðrænan vanda skapað ómetanlegt menntunartækifæri.

Önnur helsta áskorun Geðhjálpar felst í því að stuðla að heildarendurskoðun gildandi lögræðislega. Lögunum var lítilega breytt í upphafi ársins 2016. Hins vegar er ljóst að gera þarf betur til að þau samræmist Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum framsæknum alþjóðlegum samningum. Geðhjálpar mun því beita sér sérstaklega fyrir því að lögin frá 1997 verði tekin upp frá grunni, m.a. í tengslum við frumsýningu myndbands samtakanna um nauðungarvistun og opnun Réttindargáttar um réttindi fólks með geðrænan vanda á vormánuðum.

Fleiri áskoranir bíða Geðhjálpar á árinu 2017. Stuðlað verður að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu við börn, unnið að fræðslu um sjálfsskaða og sjálfsvíg undir merkjum Útmeð'a átaksins, fjallað um kosti og galla starfsgetumats og lyfjaneyslu svo dæmi séu nefnd. Síðast en ekki síst blasa við knýjandi áskoranir á sviði kjara- og búsetumála fólks með geðfötlun.

Því er ljóst að Geðhjálpar hefur byr í seglin til að halda áfram að takast á verðugar áskoranir innan málaflokksins í framtíðinni.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

